

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hafnarsjóð Súðavíkurhrepps.

#### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Súðavíkurhrepps er sett skv. heimild í 17. grein hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnarsjóður Súðavíkurhrepps geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

#### **Um gjaldtöku tengda stærð skipa.**

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### **Skipagjöld.**

3. gr.

##### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 10 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvísvar í mánuði.

##### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnrbakka skal greiða samkvæmt eftirsarandi:

Skip við bryggju kr. 4 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 12 tíma, sem skip liggar bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 68 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 6.977 á mánuði. Bátar minni en 20 brt. greiði þó aldrei lægra en kr. 4.564 á mánuði. Frístundabátar minni en 20 brt. greiði kr. 2.285 á mánuði. Skip sem eru undanþegin lestargjaldi eru einnig undanþegin bryggjugjaldi.

Legufærugjald á ári kr. 7.800. Afsláttur ellilífeyrisþega af legufærugjaldi 20%.

#### **Vörugjöld.**

4. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

5. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

6. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri, eða afgreiðslumaður, skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist

vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

#### 7. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

##### Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 190 fyrir hvert tonn:  
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 368 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 397 fyrir hvert tonn:  
Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðaráfurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 872 fyrir hvert tonn:  
Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í flokkum 1-3.
5. fl.: Aflagjald 1,60%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brott-flutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.  
Kaupanda aflans ber að afhenda skrifstofu Súðavíkurhrepps skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu.  
Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi ber skil á greiðslu aflagjalds. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.940 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarks-gjald í öllum flokkum er kr. 187.

##### **Sorpirða.**

##### 8. gr.

- Bátar að 20 brt. kr. 1.329 á mánuði.  
Bátar 21-30 brt. kr. 1.946 á mánuði.  
Bátar yfir 30 brt. kr. 3.891 á mánuði.  
Frístundaveiðibátar eru undanþegnir sorpirðugjaldi.

##### **Festargjöld.**

##### 9. gr.

- Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu kr. 6.472.

##### **Vatnssala.**

##### 10. gr.

- Vatnsgjöld: Vatn afgreitt frá bryggju:  
Vatn fyrir báta undir 15 brt. kr. 954 á mánuði.  
Vatn fyrir báta 16-30 brt. kr. 1.904 á mánuði.  
Kalt vatn afgreitt til skipa yfir 30 brt. kr. 216 pr./m<sup>3</sup>.  
Vatn afgreitt utan reglubundins vinnutíma kr. 3.732 fyrir útkall.

##### **Vogargjöld.**

##### 11. gr.

- Almenn vigtun kr. 113 á tonn.  
Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 546.  
Vigtun í yfirvinnu kr. 3.098 pr. klst.

**Rafmagnssala.**

12. gr.

Rafmagnssala kr. 11 á kWst.

Rafmagnstengigjald í yfirvinnu kr. 4.165.

Tengigjald fyrir afnot af föstum tenglum, kr. 2.943.

Almennt gjald, tengigjald pr. mán. kr. 2.943.

Frístundabátar,  $\frac{1}{2}$  tengigjald pr. mán. kr. 1.472.

125 AMP tenglar, 2 tengigjald pr. mán. kr. 5.885.

Rafmagnsgjöld breytast án fyrirvara skv. breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

**Kranagjald.**

13. gr.

Kranagjald, löndun með hafnarkrana kr. 263 á tonn.

**Skráningargjald.**

14. gr.

Skráning í Gaflinn á afla vegna fyrirtækja með endurvigtunarleyfi kr. 0,20 á kg.

**Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

15. gr.

Skrifstofa Súðavíkurhrepps sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Súðavíkurhrepps vegna skipsins. Er skipstjóra skyld að afhenda starfsmanni hafnarinnar þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef starfsmaður hafnarinnar krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá starfsmanni hafnarinnar að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema annað sé sérstaklega um samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrir en gjaldið er greitt.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðförl að undangengnum dómi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Súðavíkurhreppi er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

Nr. 1140

4. nóvember 2010

19. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Súðavíkurhrepps er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

**Gildistaka.**

20. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Súðavíkurhrepps er samþykkt af sveitarstjórn þann 4. nóvember 2010, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2011. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Súðavíkur sem samþykkt var af sveitarstjórn 22. október 2009.

*Súðavík, 4. nóvember 2010.*

**Ómar Már Jónsson** hafnarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2011